

## Ávarp stjórnarformanns Gildis-lífeyrissjóðs - 15. apríl 2015

Fundarstjóri, sjóðfélagar, aðrir fundargestir.

Gildi-lífeyrissjóður náði þeim merka áfanga í byrjun ársins 2015 að halda sinn tvöundraðasta stjórnarfund frá sameiningu Lífeyrissjóðs sjómanna og Lífeyrissjóðs Framsýnar árið 2005 og gefur það ágæta mynd af umfangi sjóðsins. Við sameiningu Gildis við Lífeyrissjóð Vestfirðinga 1. janúar 2015 stækkaði sjóðurinn enn frekar og er samanlögð eign sjóðanna um 410 milljarðar. Sjóðfélagar beggja sjóða koma úr umhverfi sjómanna og verkafólks og eiga því margir réttindi í báðum sjóðunum. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga fyrir mjög gott samstarf allt frá því að samrunaferlið hófst í byrjun árs 2014.

Afkoma Gildis á árinu 2014 var mjög góð en ávöxtun samtryggingardeildar var 9,9% og að teknu tilliti til verðbólgu nam ávöxtunin 8,8%. Auk góðrar ávöxtunar hefur lág verðbólga á síðasta ári bætt tryggingafræðilega stöðu sjóðsins til muna en heildarstaðan var neikvæð um 0,9% í árslok 2014 en var neikvæð um 3,5% í árslok 2013. Það er því mikið hagsmunamál fyrir lífeyrissjóði almennt þegar verðbólgan helst lág.

Það felst hins vegar talsverð áskorun í því að spila vel úr eignum lífeyrissjóða þegar sú staðreynd blasir við að þjóðin lifir lengur en áður. Í tryggingafræðilegum forsendum þarf að taka tillit til slíkra breytinga og er því í burðarliðnum að hækka lífeyristökualdur í 70 ár í skrefum.

Í samanburði við aðrar þjóðir er atvinnuþátttaka Íslendinga há, enda þjóðin almennt vinnufús og ætti því við fyrstu sýn að vera hægur vandi að lengja aðeins starfsævina til þess að styrkja þann sjóð sem við þurfum að hafa þegar starfsævi lýkur. Það ber samt sem áður að hafa í huga að störfín eru ólík og því ekki sjálfgefið að öllum endist heilsa til að vinna til sjötugs. Þannig gæti hækkun lífeyristökualdurs komið ver út fyrir Gildi en marga aðra sjóði þar sem að hátt hlutfall sjóðfélaga Gildis vinnur erfiðisvinnu.

Hjá Gildi-lífeyrissjóði fara háar fjárhæðir úr sjóðnum ár hvert til greiðslu örorkulífeyris enda hlutfall örorku hátt í samanburði við aðra sjóði. Hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum Gildis var 32% á árinu 2014 og námu heildarörorkulífeyrisgreiðslur sjóðsins rúmlega 3,5 milljörðum króna.

Niðurstöður kjarasamninga undanfarna áratugi hafa oftast en ekki falið í sér auknar tryggingar launa þegar starfsævi lýkur. Það hefur hins vegar verið almenn sátt um að aukin áhætta vegna slysa og vinnuálags í vissum störfum væri á ábyrgð samfélagsins. Til þess að koma til móts við þessa skyldu ríkisins fylgdi yfirlýsing ríkisstjórnar í lok ársins 2005 um jöfnun á örorkubyrði sem ein af forsendum kjarasamninga sem skrifað var undir 2005 og var lögfest ári síðar á Alþingi. Þannig samþykktu stjórnvöld í reynd þessa ábyrgð sína.

Það er því með öllu óskiljanlegt að ríkisstjórnin hafi tekið þá ákvörðun að skerða greiðslur til jöfnunar á örorkulífeyrisbyrði með nýjum lögum sem samþykkt voru á Alþingi í lok ársins 2014. Stjórn Gildis er nú nauðugur einn kostur að leggja fyrir ársfundinn tillögu til breytinga á samþykktum sjóðsins sem nemur skerðingum þessa árs. Það blasir því við að ríkið er með aðgerðum sínum að skerða sérstaklega lífsafkomu þess hóps samfélagsins sem sinnir erfiðisvinnu, verkafólks og sjómanna, umfram aðra hópa samfélagsins.

Ný hluthafastefna Gildis-lífeyrissjóðs sem samþykkt var af stjórn Gildis í janúar 2015 hefur kallað á mikla eftirfylgni starfsmanna sjóðsins. Þannig hefur sjóðurinn nýtt hluthafafundi með markvissum hætti í þeim félögum sem sjóðurinn á verulegan hlut í. Stjórn sjóðsins vill leggja sitt af mörkum til þess að bæta stjórnarhætti og stuðla þannig að framþróun á innlendum hlutabréfamarkaði. Í nýrri hluthafastefnu eru m.a. sett fram viðmið um upplýsingagjöf hvað varðar starfskjör og starfskjarastefnur. Starfskjarastefnur séu skýrar og greini hvernig þær styðja við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga. Það er mikilvægt að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum, þ.á.m. hlunnindum og horft sé til raunarðsemi hluthafa.

Ágætu sjóðfélagar. Nýútkomin ársskýrsla sjóðsins gefur greinargóða mynd af stöðu og starfsemi Gildis og vil ég hvetja ykkur til að kynna ykkur vel efni hennar ásamt ársreikningi sjóðsins.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á liðnu starfsári. Mikil og góð vinna hefur verið lögð í fylgja eftir samruna Gildis við Lífeyrissjóð Vestfirðinga og nýrri hluthafastefnu Gildis-lífeyrissjóðs.

Þá býð ég einnig nýja sjóðfélaga frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga sérstaklega velkomna.